

sinni; en á vörum hennar sást hið heita pólska blóð og hnakki hennar var svo kurtur, að enginn gat ætlað, að hún mundi nokkurn tíma beygja sig undir nokkurt ok. Það hafði líka sýnilega kostað hana mikið strit við sjálfa sig, að verða móðir litlu greifa-innunnar þýzku, en eitt einasta augnaráð frá manni þeim, sem með henni var, var nægilegt til þess að beygja höfuð hennar sem heiðursmerki.

"Fyrst þú skipar það, herra minn," sagði hún lágt og gekk þegar burt til vöggunnar, þar sem að litla greifa-innan lá.

Nú kyrðist sorg greifans og það á síðasta augnabliki, því þjónninn hans kom aftur og hafði farið erindisleysu, því í bænum hafði enginn fengist til að fara út í hina eyðilegu höll, sem lá svo að segja á eyðimörku.

Það var um þetta, sem Dynar greifi var að hugsa, þegar hann stóð við gluggann og hlustaði á söng Jadwigu; í gegn um sönginn hafði endrum og eins heyrst barsnhlátur. Það var Janek litli, sem við fætur pólsku stúlkunnar lék sér við Pluto, Newfoundlandshundinn stóra.

Morguninn eftir bylnóttina miklu hafði greifinn tekið drenginn á kné sér og spurt hann hvað hann hét.

"Janek."

"Ekki meira?"

Þá leit hann dökkum barnssvip á hann með hræðslu-augum og hristi lokkaða kollinn til merkis um að hann gæti ekki svarað hinni seinni spurningu.

"Hvar bjóstu áður en þú komst hingað?"

"Í stóru, stóru húsi, eins og þetta hérna, og þar átti eg marga, marga leikbræður. Ó, hvað alt var skemtilegt þá; þá fékk eg alt, sem eg vildi. En